

Útgáfuáætlun Íslandsbanka árið 2018 á innlendum markaði

Sértryggð skuldabréf

- Áætluð útgáfa sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka verður á bilinu 20-25 ma. kr. króna á árinu 2018.
- Heildarútgáfa sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka í árslok 2017 var 106,4 ma. kr.

Flokkur	Tegund flokks	Markflokkur	Nafnverð (m.kr.)
ISLA CB 19	Óverðtryggð	Nei	10.840
ISLA CB 23	Óverðtryggð	Já	8.360
ISLA CBI 19	Verðtryggð	Nei	7.700
ISLA CBI 20	Verðtryggð	Nei	4.120
ISLA CBI 22	Verðtryggð	Nei	17.740
ISLA CBI 24	Verðtryggð	Nei	18.640
ISLA CBI 26	Verðtryggð	Já	23.540
ISLA CBI 30	Verðtryggð	Já	15.460

- Stefnt er að því að útboð sértryggðra skuldabréfa verði mánaðarleg árið 2018 og verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland eigi síðar en næsta viðskiptadag á undan fyrirhuguðu útboði.
- Arion banki, Kvika og Landsbankinn eru viðskiptavakar sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka.
- Viðskiptavakar munu daglega setja fram kaup- og sölutilboð í skuldabréfin. Lágmarksfjárhæð tilboða í markflokka skuldabréfa skal vera 80 m.kr. en lágmarksfjárhæð tilboða í aðra flokka skal vera 20 m.kr. Fyrir markflokka gildir að ef útistandandi nafnvirði er minna en 10 ma. kr. skal fjárhæð tilboða vera 60 m.kr. en 80 m.kr. þegar stærð flokks hefur náð 10 ma. kr. að nafnvirði.
- Skuldabréfaflokkarnir ISLA CB 23, ISLA CBI 26 og ISLA CBI 30 eru markflokkar.
- Til greina kemur að auka við hámarksstærð útistandandi flokka sem og að bæta við nýjum flokkum á árinu.

Víxlar

- Íslandsbanki verður að jafnaði með mánaðarleg útboð á víxlum árið 2018. Boðnir verða út nýir víxlar auk þess sem eldri og styttri víxlar verða reglulega boðnir út samtímis.
- Heildarútgáfa víxla er óákveðin og ræðst af markaðsaðstæðum.
- Víxlaútboð verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland eigi síðar en næsta viðskiptadag á undan fyrirhuguðu útboð.

Önnur innlend skuldabréfa fjármögnun

- Íslandsbanki stefnir að aukinni fjölbreytni í fjármögnun bankans og mun skoða aðra fjármögnunarkosti og fjölga fjármögnunarleiðum sé það talið hagfelld fyrir bankann.
- Fyrirkomulag slíkrar fjármögnunar fer eftir markaðsaðstæðum og viðtökum fjárfesta almennt.

Útboðsdagatal Sértryggðra Skuldabréfa

- Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaðar útboðsdagsetningar sértryggðra skuldabréfa á árinu 2018.

Sértryggð skuldabréf

útgáfuvika

Vika 4

Vika 8

Vika 12

Vika 17

Vika 21

Vika 25

Vika 29

Vika 33

Vika 37

Vika 42

Vika 47

Vika 51

- Íslandsbanki áskilur sér allan rétt til að breyta ofangreindri áætlun þ.m.t. fella niður, fjölga eða breyta útboðsdögum, breyta áætlaðri útgáfufjárhæð og gera aðrar breytingar eins og þörf er á, án fyrirvara.
- Frekari upplýsingar um fjármögnun Íslandsbanka má finna á vefsíðu bankans: <https://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/fjarmognun/>
- Nánari upplýsingar veitir: Egill Skúli Þórólfsson, egill.thorolfsson@islandsbanki.is og í síma 440 2615.